

M-7/2019. Álit 20. nóvember 2019.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. nóvember 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-7/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 18. janúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á nýrri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina hafa verið haldna galla þar sem hún var ekki í samræmi við óskir hans. Þá telur álitsbeiðandi að ný afhending seljanda hafi verið í ósamræmi við ákvæði neytendakaupalaga.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 12. febrúar 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Þann 2. apríl og 10. september 2019 var seljanda á ný gefinn kostur á að senda inn andsvör til nefndarinnar. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Nefndinni bárust ekki frekar athugasemdir. Með bréfi, dags. 19. nóvember 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á nýrri bifreið af gerðinni Citroen C4 Shine, fastanr. XX-000, af seljanda þann 10. janúar 2017 fyrir 2.640.000 krónur. Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir því að kaupa sjálfsskipta bifreið en ekki beinskipta.

Fljótlega eftir kaupin tók álitsbeiðandi eftir því að skipting bifreiðarinnar virkaði ekki sem skyldi. Virtist bifreiðin eiga í erfiðleikum með að skipta um gír sem gerði honum erfitt að aka bifreiðinni til að mynda upp brekkur og í snjó. Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við seljanda í nokkur skipti vegna þessa. Að sögn álitsbeiðanda tók seljandi hins vegar ekki mark á kvörtunum hans fyrr en móðir hans hafði fengið bifreiðina lánaða sumarið 2018 og taldi sig í hættu við akstur hennar. Í álitsbeiðni kemur fram að þegar bifreiðin var stöðvuð vegna biðskildu á gatnamótum hafi verið erfitt að taka af stað. Þannig hafi bifreiðin færst örlítið inn á gatnamótin, staðið svo á sér og skotist skyndilega af stað vegna þess að skipting bifreiðarinnar var svo lengi að taka við sér. Við það hafi skapast hætta á að önnur bifreið hefði ekið beint á hlið bifreiðarinnar þar sem hún fór svo hratt af stað. Þá kemur einnig fram í álitsbeiðni að erfitt hafi verið að taka fram úr bifreiðum þar sem bifreið álitsbeiðanda hafi verið svo lengi að skipta um gír. Kveðst móðir álitsbeiðanda hafa lent í hættu við framúrakstur sökum þessa, en hætta var á að lenda í árekstri við bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. Gerði álitsbeiðandi ásamt móður sinni í kjölfarið kröfu um að bifreiðin yrði skoðuð betur af hálfu seljanda þar sem „eitthvað mikið væri að“.

Við skoðun á verkstæði seljanda þann 28. ágúst 2018 var niðurstaðan sú að bifreiðin virkaði eins og hún ætti að virka. Þá fékk álitsbeiðandi hins vegar einnig að heyra í fyrsta skipti að bifreiðin væri beinskipt með svokallaðri rafmagnsskiptingu en ekki sjálfsskipt líkt og álitsbeiðandi hafði talið. Álitsbeiðandi krafðist þess í kjölfarið að fá afhenta nýja bifreið þar sem bifreiðin væri ekki í samræmi við óskir álitsbeiðanda við kaupin og upplýsingar sem honum voru veittar. Bauðst álitsbeiðandi til að greiða 500.000 krónur fyrir nýja afhendingu sem hann taldi vera afföll af bifreiðinni. Seljandi féllst á að afhenda álitsbeiðanda nýja bifreið en féllst

ekki á tilboð álitsbeiðanda um milligreiðslu. Að sögn seljanda var viðmiðunarverð bifreiðar álitsbeiðanda 2.236.000 krónur en ekki miklar líkur á að bifreiðin seljist á því verði. Seljandi bauð því svokallað „uppítökuverð“ fyrir bifreiðina að fjárhæð 2.050.000 krónur. Þá fékk álitsbeiðandi 350.000 króna afslátt af nýju bifreiðinni, en kaupverð hennar var þá með afslætti 3.030.000 krónur. Álitsbeiðandi kvaðst hafa tekið því tilboði með fyrirvara um að leita réttar síns þar sem hann varð að hafa örugga bifreið til afnota. Fékk hann því afhenta bifreiðina PM-R81, af gerðinni Citroen C4 Shine, gegn greiðslu að fjárhæð 930.000 krónur. Auk þess kveðst álitsbeiðandi hafa greitt um 50.000 krónur fyrir aukabúnað.

Álitsbeiðandi krefst þess að nefndin fallist á að honum hafi aðeins verið skylt að greiða eðlilegar afskriftir af bifreiðinni, sem hann telur seljanda hafa reiknað út að væri um 644.000 krónur. Þó bendir álitsbeiðandi á að hann hafi ekki reiknað með því að þurfa að greiða 644.000 krónur, og hvað þá 930.000 krónur, aðeins ári eftir kaup á nýrri bifreið sem átti að endast í mörg ár.

IV

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000, af gerðinni Citroen C4 Shine, nýja af seljanda þann 10. janúar 2017. Í kaupsamningi vegna kaupa á bifreiðinni kemur fram að bifreiðin sé af gerðinni „Citroen C4 Cactus Shine 5d ssk5b 1.2 be 82 fwd 5s“. Var kaupverð bifreiðarinnar samkvæmt reikningi 2.129.032,26 krónur en með virðisaukaskatti 2.640.000 krónur. Að sögn álitsbeiðanda tók hann eftir annmörkum á skiptingu bifreiðarinnar stuttu eftir kaupin og kveðst hafa haft samband við seljanda nokkrum sinnum frá kaupunum sökum þessa, án árangurs. Bifreiðin var loks skoðuð af seljanda í ágúst 2018, um einu ári og sjö mánuðum eftir kaupin. Fékk álitsbeiðandi þá fyrst að vita að bifreiðin var ekki sjálfskipt heldur beinskipt með rafmagnsskiptingu. Eftir viðræður við seljanda féllst hann á að afhenda álitsbeiðanda nýja bifreið sömu tegundar vegna skiptingarinnar gegn greiðslu að fjárhæð 930.000 krónur. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og blekkingum hafi verið beitt, enda var óskað eftir að kaupa sjálfskipta bifreið og ekkert kom fram um rafknúna beinskiptingu bifreiðarinnar við kaupin. Telur álitsbeiðandi að seljanda hafi þar af leiðandi borið að afhenda álitsbeiðanda nýja bifreið gegn greiðslu eðlilegra affalla.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (hér eftir nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. laganna segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun. Þá segir í a-lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. að söluhlutur skuli henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til og í b-lið 1. mgr. kemur fram að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Í kaupsamningi vegna kaupa á bifreiðinni kemur fram að um sjálfskipta bifreið sé að ræða og hefur ekkert komið fram í málinu sem gefur til kynna að álitsbeiðandi hafi vitað að bifreiðin var í raun beinskipt með rafknúinni skiptingu. Seljandi hefur staðfest í tölvupósti til álitsbeiðanda, sem finna má í gögnum málsins, að sjálfskipting og rafknúin beinskipting virki ekki með sama hætti með orðunum „þessar rafstýrðu skiptingar haga sér nokkuð öðruvísi en venjulegar sjálfskiptingar“. Fellst kærunevndin því á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi

verið haldin galla við kaupin í skilningi 1. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna, enda var bifreiðin ekki í samræmi við samning aðila.

Ákvæði 26. gr. nkpl. mælir fyrir um þau úrræði sem geta staðið neytanda til boða vegna galla á söluhlut, en þau eru að halda eftir greiðslu kaupverðs, úrbætur, ný afhending, afsláttur, riftun og skaðabætur. Telur kærunefndin sér ekki annað fært en að líta á tilboð seljanda, um afhendingu á nýrri bifreið gegn milligreiðslu, sem boð um nýja afhendingu í skilningi neytendakaupalaga. Ákvæði 30. gr nkpl. mælir fyrir um framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar og er svohljóðandi:

30. gr. Framkvæmd úrbóta og nýrrar afhendingar.

Úrbætur og ný afhending skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

Seljandi á ekki rétt á að bæta úr sama galla eða afhenda nýjan söluhlut vegna sama galla oftar en tvisvar sinnum nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem réttlæta frekari úrbætur eða afhendingu.

Ef úrbætur eða ný afhending seljanda hafa það í för með sér að neytandi getur ekki notað söluhlut í meira en eina viku getur neytandi krafist þess að fá sambærilegan hlut til umráða á kostnað seljanda. Þetta á þó aðeins við ef krafan telst sanngjörn með hliðsjón af þörfum neytandans og þeim kostnaði og óhagræði sem það hefur í för með sér fyrir seljanda.

Ef ekki reynist um galla að ræða getur seljandi aðeins krafist greiðslu fyrir þær athuganir sem nauðsynlegar voru til að komast að raun um hvort söluhlutur væri gallaður, og greiðslu fyrir lagfæringu á hlutnum ef seljandi hefur gert neytanda það ljóst að hann þurfi sjálfur að bera umræddan kostnað.

Við framkvæmd nýrrar afhendingar verður að fara fram uppgjör milli aðila samkvæmt X. kafla nkpl. Að sögn seljanda var kaupverð nýrrar bifreiðar sömu tegundar 3.430.000 krónur um haustið 2018 en álitsbeiðandi hafði keypt bifreiðina á 2.640.000 krónur. Við uppgjör milli álitsbeiðanda og seljanda varð óhjákvæmilega að líta til þess að ný bifreið sömu tegundar var dýrari í kaupum en bifreið álitsbeiðanda var við kaupin einu ári og sjö mánuðum áður. Stafaði aukning á kaupverði meðal annars af því að önnur vél og skipting var í bifreiðinni ásamt nýju útliti. Kærunefndin telur að álitsbeiðanda hafi þar af leiðandi borið að greiða seljanda þá fjárhæð sem eftir stóð af söluverði nýrrar bifreiðar þegar dregin var frá greiðsla álitsbeiðanda fyrir bifreiðina UB-G67. Í samræmi við framangreint og þau gögn sem liggja fyrir í málinu álitur kærunefndin að álitsbeiðanda hafi borið að greiða seljanda 790.000 krónur við afhendingu bifreiðarinnar PM-R81. Með hliðsjón af framangreindu telur kærunefndin að seljanda beri að endurgreiða álitsbeiðanda 140.000 krónur.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að endurgreiða álitsbeiðanda, X, 140.000 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson